

**From:** [Sigurlaug.Ann.Johannsdottir@reykjavik.is](mailto:Sigurlaug.Ann.Johannsdottir@reykjavik.is)  
**To:** [Eygló Traustadóttir](#); [Guðrún Sigtryggadóttir](#); [Tómas Ingi Adolfsson](#); [Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir](#); [Achola Otieno](#); [Randver Kári Randversson](#); [Jóhanna Guðjónsdóttir](#); [Helga Björnsdóttir](#); [Glóey Helgadóttir](#); [Finnsdóttir](#); [Sigurjóna Guðnadóttir](#)  
**Subject:** Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar - drög til umsagnar  
**Date:** þriðjudagur, 17. ágúst 2021 14:38:24  
**Attachments:** [lydraedisstefna\\_aetlunALLT.pdf](#)

---

Tilvísun í mál: R18010207  
Nefndir og ráð Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 17. ágúst 2021  
R18010207

Efni:

100

### ***Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar - drög til umsagnar***

Frá hausti 2019 hefur staðið yfir vinna við mótun lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og liggja núna fyrir drög að stefnunni ásamt aðgerðaráætlun og mælanlegum markmiðum sem finna má á síðunni: <https://reykjavik.is/lydraedisstefna>

Óskað er eftir umsögnum um stefnuna, aðgerðaráætlunina og mælanlegu markmiðin. Frestur til þess að skila umsögnum er til 23. ágúst 2021

Hægt er að setja inn umsagnir á vef Betri Reykjavík:  
<https://www.betrireykjavik.is/community/3414>

Eða senda tölvupóst í netfangið [lydraedi@reykjavik.is](mailto:lydraedi@reykjavik.is)

Stefnuþingin voru unnin í opnu samráðsferli sem aðgengilegt var öllum. Covid setti vissulega svip sinn á samráðsferlið en með rafrænum lausnum í bland við aðrar aðferðir tókst að bjóða upp á víðtækt samtal um lýðræði og þátttöku í Reykjavík. Markmiðið með stefnunni er að auka þátttöku og áhrif íbúa. Lýðræðisstefnan á að vera leiðarljós bæði fyrir íbúa borgarinnar og stjórnkerfið um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.

### **Samráðsferlið var fjórþætt:**

1. Opið samráðsferli stóð yfir á vef Betri Reykjavík frá febrúar 2020 til júní 2021. Þar gátu allir sem vildu sett inn sínar hugmyndir um lýðræði og þátttöku.
2. Rýnihópar voru framkvæmdir af ráðgjafafyrirtæki þannig að valið var úr hópi íbúa Reykjavíkur af handahófi til þess að ræða lýðræðismál.
3. Vinnufundir í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar voru haldnir til að undirbúa gerð stefnunnar.
4. Opinn rafrænn fundur; [Stefnumót við lýðræðið](#), var haldinn 25. nóvember 2020 um framtíð lýðræðis í Reykjavíkurborg. Öll voru velkomin og fundurinn vandlega auglýstur. Allt upplýsingaefni og skráningarform fyrir fundinn var í boði á þremur tungumálum auk þess sem boðið var upp á tulkapjónustu.

Á vefnum <https://reykjavik.is/lydraedisstefna> er hægt að finna samantektir frá öllum liðum samráðsferlisins.

Í allri vinnu í stefnumótunarferlinu hefur verið lögð áhersla á að ná til allra hópa samfélagsins og sérstaklega gætt að öllu aðgengi.

Nánari upplýsingar veitir Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur í lýðræðismálum og starfsmaður stýrihóps um mótun Lýðræðisstefnu á Mannréttinda- og Lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, netfang: [sigurlaug.anna.johannsdottir@reykjavik.is](mailto:sigurlaug.anna.johannsdottir@reykjavik.is)

Virðingarfyllst

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir

Afrit:

Velferðarráð

Skóla- og frístundaráð

Skipulags- og samgönguráð

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Íbúaráð Reykjavíkurborgar

Ofbeldisvarnarnefnd

Fjölmeningarráð

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Hjálagt:

Drög að Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

*(See attached file: lydraedisstefna\_aaetlunALLT.pdf)*